

Kvenfrelsun og vísindagerræði

Karlar sneiða hjá námi í háskólum og hverfa hópum saman úr námi í framhaldsskóla. Þróunin er uggvænleg. Nú er svo komið, að konur eru í miklum meirihluta meðal háskólanema. Þær útskrifast fleiri á flestum sviðum, en nær eingöngu í hugvísindum, samfélagsvísindum og heilbrigðisvísindum. Ýmis konar kvenna- og (kven)kynfræði (kvenkynseymdarfræði er hugsanlega réttnefni þó) eru vinsælar undirgreinar. Um sjötíu af hundraði háskólanema eru konur víðast hvar á Vesturlöndum.

Kvenfrelsarar ráða víða lögum og lofum í æðri menntastofnunum. Ofbeldi – meira að segja líflátshótanir - í garð þeirra, sem neita að meðtaka rétttrúnaðarboðskap kvenfrelsaranna eða komast að óhentugum niðurstöðum fyrir frelsunartilburði þeirra, er áberandi. Vísindum og fræðum stafar ógn af kvenfrelsunaryfirgangi, bæði hvað stjórnun háskóla og iðkun varðar. Sama ógn snýr að sjálfum kjarna vísindalegrar hugsunar, m.a.; almennri og fræðilegri siðvæðni; frjálsri og fordómalausri hugsun; umburðarlyndi og hlutlægni; frelsi til gagnrýni; vandvirkni og faglegri skynsemi við val viðfangsefna; faglegri og óhlutdrægri aðferðarýni, hagsmunarýni; skilmerkilegri og gagnrýninni framsetningu (þar með talin hugtakanotkun); faglegri varkárni við alhæfingar.

En kvenfrelsararnir telja slíkt til karlvísinda. Þau skulu dauð og ómerk. Indversku fræðimennirnir, Gita Cahda og Asha Achuthan, útskýra: „Rannsóknir í kvenfrelsunarfræðum urðu ... til við vísindalega gagnrýni, sem ættuð er úr heimspeki, sagnfræði og félagsfræði, með tilliti til valds drottunar og viðmiðunarforræðis, sem fyrirkomulag þekkingaröflunar.“ ... Þessum fræðum er beitt „við það að brjóta vísindin til mergjar frá sjónarhóli lífs kvenna og jaðarstöðu þeirra í því skyni að birta „öðruvísi mynd“ þeirri, sem „gengið er út frá“ sem vísindum. Þar þarf að gefa kyni sérstakan gaum. Við tókum til greina, að kyn sé þáttur (category) stjórnmálalegrar greiningar og [sjáum í hendi okkar] að það þurfi frekari greiningar við. Það felur í sér viðameiri aðgerð, heldur en að frelsa „konur“ frá kynferðislegri tvískautun.“ ... Einnig koma í brennidepil „viðhorf til þekkingar og tilvist og eðli aðferðarinnar og meginefnis kenningar þeirra [vísindanna].“

Í bók sinni „Eyðing einkvænis. Þáttur stjórnmála í vísindum og hugsanleikar líffræðinnar“ (Undoing Monogamy: The Politics of Science and the Possibility of Biology), áréttar Angela Willey einnig, að vísindi og stjórnmál séu samofin: „Það er staðhæfing mín, að [vísindalegum] upplýsingum verði ekki beitt, nema afdráttarlaus sé gaumur gefinn að stjórnmálalegum þætti þeirra (politics of science).“

Muriel Lederman, segir niðurstöðu kvenfrelsunarrýnninnar vera þessa: „Niðurstaðan er sú, að öll vísindi kunni að vera karllæg. Svo má vera, að leiðin til að öðlast kvenvísindi sé róttæk, [þ.e.] að láta vísindalegar athafnir víkja fyrir öðrum, sem ekki grundvallast á hinna vísindalegu aðferð. Að öðrum kosti mætti setta sig við tilhliðranir nútíma vísinda, „kvengerð“ vísindi (skilgreind sem vísindi, þar sem framkvæmdin er öðruvísi, sem framin eru í þágu stjórnmálalegra markmiða kvenvísindamanna.“

Í inngangi að safnritinu, „Kenningar í kvennarannsóknum“ (Theories of Woman Studies), segja Glori Bowles og Renate Klein: „Sérkvert málefni er málefni kvennafræða.“ Marylyn Rands skrifar um málstofu sálfræðideildar Wheaton háskólans, að „hugmyndafræði skipti máli í sérhverri námsskrá – sannfæringar okkar um stjórnmál birtast bæði í efnissvali og umfjöllun.“

Sett hefur verið á laggirnar nám í kvenfrelsunarfræðum á grundvelli ofangreindrar opinberunnar. Florence Rosenfeld Howe (f. 1929) var meðal frumkvöðla að stofnun kvenfrelsunarfræða við æðri menntastofnanir í Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA). Í ritgerð sinni: „Kvenfrelsunarfræðimennska: Umfang byltingarinnar“ (Feminist Scholarship: The Extent of the Revolution), segir hún fullum fetum: „Kvenfrelsun og kvennafræði ... eru samheiti fyrir mér.“ Í skýrslu hennar til Menntamálaráðuneytisins BNA ítrekar hún, að „nauðsyn beri til, að kennarar séu ekki einungis vel að sér á eigin fræðavettvangi, heldur einnig í kvenfrelsunarfræðum [kvenfrelsunargreiningu].“

Í riti sínu „Námsskrá kvennafræða“ (Women's Study Programs), leggur hún áherslu á hinn stjórnfræðilega gjörning: „Í víðasta skilningi orðsins, er kennsla stjórnfræðilegur gjörningur. ... Í háskóla, sem þar sem leitað er að hinu sértæka (abstract) hugtaki, sannleika, ætti helst ekki að útloka nokkurn stjórnfræðilegan gjörning, ef [slíkur gjörningur] kynni að varpa ljósi á endalegt takmark. Og því skal ekki vísa hjá garði skoðun á helmingi mannkyns – því, sem við köllum kvennafræði – án þess, að það hafi í för með sér augljósar afleiðingar fyrir leitina að sannleikanum.“ ... Það sé tími til kominn að „endurheimta týnda menningu og sögu kvenna.“ Frances Heidensohn segir megintilgang kvenfrelsunarfræðanna vera „vitundarvakningu námsmanna.“ Kvenfrelsunarfræðin skulu uppýsa karla sérstaklega um öll þau rangindi og tilfinningakúgun, sem konur hafa verið beittar.

Sheila Ruth segir í ritgerðinni, „Málefnum kvenfrelsunar“ (Issues in Feminism), um þessar kvenfrelsunardeildir háskólanna (e. women studies): „Kennarar eru sóttir til andmenningarsamtaka, vitundarvakningarhópa og kvenfrelsunarsamtaka, stjórnfræðiflokka og jafnréttissamtaka. ... Þar er líklegt að rekast á [í sambandi við kennslu og námsmat] hópverkefni, viðurkenningu félagslegrar umbyltingarstarfsemi eða lífsreynslu [sem ígildi námsmats], samninga um eigið námsmat, dagbækur og dagála, jafnvel hugleiðslu og helgiathafnir.“

Í bók sinni, „Sjö árum síðar“ (Seven Years Later) er stofunni, þar sem kennsla fer fram, lýst sem „vistarveru, þar sem hverjum og einum er frjálst að tjá sig um hvaðeina, sem honum dettur í hug, hvort heldur sem eru einkamál eða stjórnfræðingamál, ... hvort tveggja tilfinningalegs eðlis eða rökrænt, í eðli sínu frábrugðin langflestum öðrum kímum í háskóla ... sér í lagi vegna áherslu á einstaka sameiningu fræða og eigin reynslu þátttakanda.“ Sem dæmi um „óvenjuleg viðfangsefni“ eru „blæðingar, karlmennskudýrkun og nauðgun.“

Við háskólann í Indiana í Bandaríkjunum Norður-Ameríku felur grundvallarnámskeið í kvennafræðum í sér „gagnrýna og greinandi ritgerð um efnið „ég sjálf sem kona“ eða „ég sjálfur sem karl.“ Námsmat er stigskipt. Þeir sem stefna að hæstu einkunn, A, er gefinn kostur á að skrifa stutta ritgerð, sem ber heitið. „Hvernig leið þér með það, hvernig þú varst frædd um tíðablæðingar, og hvernig ætlar þú að fræða dóttur þína um þær?“ Svo mætti einnig „gagnrýna hugmyndir [Shulamith] Firestone um kynþáttahatur.“ Þeir, sem ekki stefna að ágætiseinkunn er boðið annars konar námsmat: „Haltu dagbók í hálfan mánuð um daglega reynslu þína af því að vera kona eða karl.“ (Michael Levin)

Kennsluáferðir geta verið ærið frumlegar. T.d. lifðu þig inn í hugarheim (hvíts) plantekrueiganda, sem barnað hefur negraambátt tíu sinnum eða þú skal bregða þér í gervi millistéttarkonu, sem sækir heim lágstéttarkonu. Báðar eru vansælar með stöðu kvenna. „Þegar á hólminn er komið, leiðir þessi skilningur á kvennafræðum til fræðilegra meðferðarhópa, hlutverksleikja, stofnunar gremjuhópa um námsmat, og annars konar sjálfsleikstúlkanna.“ (Michael Levin)

Flestir kvenfrelsunarfræðinga eru hallir undir þá vísindasögu, að „í-raun-hafi-það-verið-eiginkona-Newtons-sem-uppgötvaði-þyngdarlögmálið.“ En það er skemmst frá því að segja, að undartekningarlítið komast kvenfrelsunarfræðimenn að því, að grundvallarkennisetning þeirra um kúgun karla sé sannleikanum samkvæm. Kúgunin felur í sér allra handa ofbeldi eins og rýra áhersla á reynslu kvenna og afrek í heimssögunni, útskúfun úr listum, vísindum og áhrifastöðum. En uppáhalds rannsóknarefni þeirra er nauðgun og önnur kynferðisleg áreitni. Niðurstöður þeirra rannsókna þekkja börn í forskóla.

Aðrar merkar niðurstöður kvenfrelsunarrannsókna eru m.a. þær; að konur geti framið glæpi, en þá sé það karlmönnum að kenna; að Jón Sigurðsson hafi verið samkynhneigður, að franskri heimspekingurinn, Charles-Louis de Secondat, Baron de La Bréde et de Montesquieu (1689-1755), hafi verið „reðurdólgur“ (phallocentrist); að forngrískri heimspekingurinn, Aristoteles, hafi verið kyndólgur, sem ekki kunni að telja; að sjálfmiðað sjónarhorn franska stærðfræðingsins, René Decartes (1596-1650) sé kvenlegt, en sjónarhorn enska náttúruheimspekingsins, Francis Bacon (1561-1626) hafi verið karllegt; að eiginlega sé kyn ekki til, að það sé í raun sammingsatriði; að enginn eiginlegur munur sé milli kynjanna; að Jesús Kristur hafi verið blökkukona.

Eins og ýjað er að í upphafi greinarinnar ríkir ógnaröld í háskólum Vesturlanda. Í Bandaríkum Norður-Ameríku og Kanada t.d. hafa verið skipaðir alls konar fulltrúar og jafnvel dómstólar, sem hafa úrslitaákvörðunarvald um það, hvornig kennarar haga máli sínu, um kennsluhætti, námsefni og námsmat.

Ungverski sálfræðiprófessorinn og fyrrum forseti „Félags um vísindafrelsi og fræðimennsku“ (Society for academic freedom and scholarship) í Kanada, John J. Furedy (1940-2016), hefur varað við því gerræði, sem nú ríkir í háskólamenningu Vesturlanda. Hann bendir á að minnsta kosti fimm megindrætti, sem móta gerræðismenninguna eða „flauelsalræðið.“

1.Ótúlkanleg lögmál. (Hliðstæða gæti verið lögmálið um málfar, sem einungis svokallaðir jafnréttisfulltrúar skilja. Lögmálið er runnið undan rifjum þeirra á grundvelli huglægra þæginda eða fróunar. Það er túlkað að geðþótta í stað þess að setja fram hlutbundin skilmerki um frávik frá því.) 2.Tilvist gervísérfræðinga, sem hafa vald til að blanda sér í námsefni vísindagreina og starf deilda. 3.Skelfingarhrollur við þáttöku í gagnrýnum umræðum um grundvallatriði. 4.Stöðubundið siðferði. (Hliðstæða gæti verið sú trú, að það sé í lagi að sníða ákveðnum hópi staðalímyndastakk – eins og til að mynda hvítum körlum af engilsaxneskum uppruna – en ekki körlum af öðrum uppruna, eða þeim, sem ekki eru bleikskinnar eða karlar. 5.Djöfulvæðing þeirra, sem öðruvísi hugsa.

John áréttar forn háskólaréttindi til vísindaiðkunar án afskipta: „Frjálsræði er réttur allra (fræðimanna og nemenda) í stofnunum æðri menntunar til ástundunar vísinda [og fræðimennsku]. Það sama á við um rétt til frammistöðumats (verðleiki) öndvert við mat samkvæmt skoðunum (þægindi). Menntun við kanadíska háskóla er á líðandi stundu öndverður [við vísindafrelsi]. Hún er flauelseinræði, sem svipar til einkenna gerræðisstjórnarfars, nema að því leyti, að refsingar eru mildari.“

Við æðri menntastofnanir ættu fræðimenn að halda í heiðri „því viðhorfi, að andstæðar hugmyndir vísindamanna séu snar þáttur í æðri menntun – og því skyldi hvetja til þess [að kynna slíkar hugmyndir].“

Eftirfarandi aðgreiningar eru skýrar í grundvallaratriðum (enda þótt stundum séu þær erfiðar viðgangs, þegar á hólminn er komið); aðgerðir og viðhorf; skoðanir og frammistaða;

vísindafrelsi og vald; samhverf og ósamhverf valdatengsl; málefni og menn.“ Og John heldur áfram: „Svið eins og þroskasálfræði og skoðun einstaklingsmunar eru sérstaklega, en þó ekki eingöngu, varnarlítill gagnvart þeirri andþekkingarfræðilegu grundvallarreglu, að gildi skoðana skuli mæla á stiku huglægra þæginga, fremur en sannindamerkja og rökfærslu. „Harðari“ greinar eins og lífeðlisleg sálfræði og taugavísindi eru einnig í hættu.“

Skilningur kvenfrelsaranna á sjálfum sér og konum, er þeim líka fjötur um fót. Alvöru kvenvísindamenn vanda um fyrir þeim: „Framfarir í félagsvísindum eiga sér stað, þegar kenningar eru prófaðar og þeim breytt á grundvelli nýrra niðurstaðna (evidence). Í félagsvísindum er vísindalegri aðferð beitt á sviðum, þar sem fordómar kynnu að ríkja. Aflvaki félagsvísindamaður er oft og tíðum hugmyndafræðilegt viðhorf til viðfangsefnisins. Það torveldar þeim að hugsa út fyrir viðurkennda kenningaafstöðu. Það er sérstaklega áberandi í rannsóknum á ofbeldi í nánnum samböndum.“

„Áhrifamiklir fræðimenn hafa aðhyllst þá meginkreddu, að feðraveldi sé óhjákvæmilega aflvakinn í [parsamböndum]. Þetta hefur alið af sér mergjaða trú (core beliefs), sem varin er gegn rannsóknaniðurstöðum, sem henni mæla gegn.“

„Hin hugmyndafræðilega nálgun [viðhorf] til ofbeldis í parsamböndum hefur fengið sérstaklega áhrifamikinn hljómgrunn við mótun stefnu og starfs meðal vestrænna þjóða á okkar mæli. Þetta á við um Sameinaða konungsveldið (Bretland), Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada. [Nálgunin] hefur einnig yfirgnæft rannsóknir og starf á fleirþjóðlegum vettvangi.“ (Louise Dixon, Nicola Graham-Kevan, John Archer)

Caron Gentry og Laura Sjoberg taka undir þetta, segja, að nauðsyn beri til að endurskoða skilgreiningu ofbeldis og þátttöku kvenna í því: „Það er ekki vegna þess, að karlar og konur sýni frábrugðna ofbeldishegðun eða að ofbeldishvati kvenna sé öðruvísi. Heldur er skýringa að leita í nálgun fræðimanna ... til ofbeldis, í þeim skilningi, að karlar séu alfarið eða því sem næst ábyrgir fyrir ofbeldi. Þar af leiðandi hefur [skilningurinn] tekið mið af karlegum félagsgildum.“

Steven Goldberg, (f. 1941) benti þegar árið 1973 á kvenfrelsunarfræðafúskið: „Það er [vísinda]blekking, þegar kvenfrelsarar í nafni fræðilegra rannsókna, eru svo fúsir til að upphuga staðreyndir, hafna þeim eða taka til sín, eftir því, hvernig [staðreyndirnar] höfðu til tilfinninga þeirra.“ Það sama gerði þýsk-argentínski læknirinn og sálfræðingurinn, Esther Vilar: „[K]onur bera enga virðingu fyrir vísindalegum staðreyndum og sýna eingöngu áhuga því, sem kemur þeim að gagni hér og nú.“

Kvenfrelsarar hafa leitast við að glæða lífi augljósa fásinnu, bábiljur, trölla- og goðsögur, með fræðum og vísindum, sem iðulega hafa reynst villuljós. „Kvenfrelsarar hafa verið óvandaðir að virðingu sinni í því, er lýtur að staðreyndum,“ segja hagfræðingarnir, Diana Furchtgott Roth og Christine Elba, í bók sinni „Kvenfrelsunarkreppunni.“ (The Feminist Paradox.)

Kanadíski sálfræðingurinn, Steven Pinker, tekur í sama streng: „Kvenfrelsunarbarátta fyrir jafnrétti í stjórnmalalegu og félagslegu tilliti er mikilvæg, en kvenfrelsunarfræðaklíkur á háskólastigi, sem einbeita sér að furðukennisetningum, eru það ekki. ... [því] kynferðakvenfrelsun steytir gegn vísindunum. ... [Kvenfrelsararnir] berjast með kjafti og klóm gegn rannsóknum á kynferði og mismuni kynjanna. ... [Það er] meginástæðan fyrir því, að heiftúðlega er spyrt gegn beitingu vitneskju um þróun, erfðafræði og taugafræði, í umræðu um mannshugann.“

Shari L. Thurer rekst svo sannarlega rétt orð á munn, þegar hún segir: „Upplýsingar af vísindalegum toga eiga erfitt uppdráttar, þegar vinsælar goðsagnir eru annars vegar, sérstaklega þegar þær ganga í berhögg við hleypidóma, sem fólki er annt um.“

Þýðingar eru höfundar.